

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 89/2022

2022/EES/61/01

frá 29. apríl 2022

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/630 frá 16. febrúar 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar tiltekna flokka vara sem eru undanþegnir opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum og um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/275/EB ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 11by (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/624) í hluta 1.1:

„11bz. **32021 R 0630**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/630 frá 16. febrúar 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar tiltekna flokka vara sem eru undanþegnir opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum og um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/275/EB (Stjtíð. ESB L 132, 19.4.2021, bls. 17).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við í 137. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/275/EB) í hluta 1.2:

„– **32021 R 0630**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/630 frá 16. febrúar 2021 (Stjtíð. ESB L 132, 19.4.2021, bls. 17).“

2. gr.

Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/630, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 132, 19.4.2021, bls. 17.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.